## Fundargerð

165. fundur íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12, 29. nóvember 2022, kl. 16:00

Viðstaddir:

Friðþjófur Helgi Karlsson formaður, Birgir Már Bragason, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir, Sindri Kristinn Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs, , Hermann Borgar Jakobsson áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs, Rúnar Vífill Arnarson formaður íþróttabandalags Reykjanesbæjar og Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

* * *

1. **Samningur við KFUM og KFUK 2022 (2022110073)**

Samningur við KFUM og KFUK fyrir starfsárið 2022 lagður fram og samþykktur.

2. **Glímudeild UMFN - (2021120231)**

Eydís Mary Jónsdóttir, Gunnar Örn Guðmundsson, Gnýr Elíasson, Jana Lind Ellertsdóttir Hrafnkell Þór Þórisson og Sigurbjörn Sigurðsson frá Glímudeild UMFN fóru yfir starfsemi deildarinnar og óskuðu eftir viðræðum um nýtingu á aðstöðunni í Bardagahöllinni. Íþrótta- og tómstundaráð óskar eftir frekari gögnum frá Glímudeild UMFN.

Erindi frestað.

3. **Sundráð ÍRB kynning á starfsemi (2022110530)**

Íþrótta- og tómstundaráð heimsótti Vatnaveröld og fékk kynningu á starfsemi Sundráðs ÍRB og hverjar helstu þarfir og áherslur ráðsins eru.

Ljóst er að þörf er á viðhaldi í Vatnaveröld.

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar fyrir greinargóða kynningu.

4. **Júdófélag Reykjanesbæjar kynning á starfsemi (2021120227)**

Íþrótta- og tómstundaráð heimsótti aðstöðu félagsins að Smiðjuvöllum 5 og fékk kynningu frá Karenu Rúnarsdóttur, Árna Birni Ólafssyni og Erlu Björk Sigurðardóttur á starfsemi félagsins.

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar fyrir greinargóða kynningu.

5. **Hestamannafélagið Máni kynning á starfsemi (2022021105)**

   Íþrótta- og tómstundaráð fékk sendar kynningar á starfsemi er varðar börn og ungmenni í Hestamannafélaginu Mána.

   Kynningarnar lagðar fram.

   Íþrótta- og tómstundaráð þakkar fyrir góðar kynningar.

6. **Umsókn í forvarnarsjóð (2022010429)**

   Umsókn Barna og unglingaráðs Knattspyrnudeildar Keflavíkur í forvarnarsjóð.

   Íþrótta- og tómstundaráð samþykkir umsóknina.

7. **Kynning á barna og ungmennastarfi GS (2022021093)**

   Íþrótta- og tómstundaráð fékk sendar kynningar á starfsemi er varðar börn og ungmenni hjá Golfklúbbi Suðurnesja.

   Kynningin lögð fram.

   Íþrótta- og tómstundaráð þakkar fyrir góðar kynningar.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.40.